

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 453/1994.

**Vilhjálmur Bjarnason
og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Porkeli Ragnarssyni

(Örn Höskuldsson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabætur. Umferðarlög. Áhættutaka. Gjafsókn. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagn-áfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða hluta fjárhæðarinnar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. október 1989 til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 17. júlí 1995. Hann krefst aðallega greiðslu 4.289.300 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga, frá 21. október 1989 til 12. september 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar og lægri fjárhæðar með sömu vöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 27. apríl 1995 var honum veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það álit héraðsdóms, að sannað sé, að slysið hafi orðið fyrir óvarlegan akstur bifreiðarstjóra Z-2079, sem verið hafi ófær um að stjórna ökutækinu sakir áfengisneyslu, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Gagnáfrýjandi hefur kannast við að hafa gefið bifreiðarstjóranum áfengisblöndu að morgni slysdags.

Það magn etanóls, sem fannst í blóði bifreiðarstjórans, skýrist ekki af öðru en áframhaldandi áfengisneyslu. Gagnáfrýjandi var samvist- um við hana um morguninn frá klukkan 7 til 10 og aftur síðar um daginn frá því um klukkan 14 til 18. Það væri með ólíkindum, ef ölv- un hennar hefði getað leynst honum. Verður því að meta það hon- um til stórfellds gáleysis að taka sér far með bifreiðinni. Með því að gera það tók hann á sig verulega áhættu.

Hæstiréttur mat það svo í tíð eldri umferðarlaga nr. 40/1968, að sá, sem legði sig í hættu með því að taka sér far með ölvuðum öku- manni, gæti ekki krafði eiganda bifreiðar eða ábyrgðartryggjanda hennar um bætur, sbr. H. 1969, 180, H. 1976, 1080, H. 1982, 1941 og 1990, H. 1986, 558, H. 1987, 67, H. 1989, 1287, H. 1994, 396. Með XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 voru gerðar nokkrar breytingar á lagaákvæðum um fébætur og váttryggingu. Í 2. mgr. 88. gr. laganna er svo fyrir mælt, að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis fram- færandi megi lækka eða fella niður, hafi sá, sem varð fyrir tjóni eða lést, verið meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Var hér verið að draga úr heimild til að lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns. Áður hafði nægt, að tjónþoli hefði sýnt af sér svonefnt einfalt gáleysi. Greinargerð með frumvarpi að umferðar- lögum lét því ósvarað, hvort breyta ætti þeim reglum um áhættu- tóku, sem dómstólar höfðu mótað samkvæmt áður sögðu.

Í máli þessu reynir á það, hvort fella eigi algjörlega niður bætur til gagnáfrýjanda vegna þess stórfellda gáleysis, sem hann sýndi með því að taka sér far með bifreiðinni Z-2079 þrátt fyrir ölvun bif- reiðarstjórans, eða hvort við það megi sitja að færa bæturnar niður með hliðsjón af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á um- ferðarlögum um fébætur og váttryggingu. Hefði það verið ætlun lög- gjafans að breyta þeirri dómvenju, sem skapast hafði, hefði það þurft að koma skýrt fram í lögnum sjálfum eða í greinargerð. Sam- kvæmt þessu er krafa gagnáfrýjanda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæsta- rétti.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Aðaláfrýjendur, Vilhjálmur Bjarnason og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Þorkels Ragnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Arnar Höskulds-sonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i **Hjartar Torfasonar**

Í gildistið umferðarlaga nr. 40/1968 og fyrirrennara þeirra áttu menn ekki bótarétt samkvæmt hlutlægri ábyrgðarreglu fyrir líkams-tjón af völdum bifreiðar, þar sem þeir voru sjálfir farþegar, nema flutt væri gegn gjaldi, sbr. 1. og 2. mgr. 67. gr. þessara laga. Urðu farþegarnir að reisa kröfur sínar á 3. mgr. 69. gr. laganna, þar sem skír-skotað var til almennra skaðabótareglna. Á þessu varð grundvallar-breyting við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem því er slegið föstu, að farþegi eigi bótarétt á hendur eiganda bifreiðar án tillits til þess, hvort slys af notkun hennar verði rakið til sakar af hálfu eiganda eða ökumanns, á sama hátt og fólk utan bifreiðar-innar. Er engin heimild til að hafna bótum handa farþeganum eða skerða þær, nema hann megi teljast meðvaldur að slysinu af ásetn-ingi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 1. og 2. mgr. 88. gr. laganna. Síðari málsgreinin er annars komin í stað 3. mgr. 67. gr. eldri laga og felur einnig í sér mikilvæga breytingu, þar eð einfalt gáleysi hafði áður nægt til þess, að skerðing á bótum tjónþola kæmi til álita.

Þeir dómur Hæstaréttar, sem til er vísað í atkvæði meiri hluta dómenda, eru kveðnir upp á grundvelli eldri umferðarlaga og varða farþega, sem þáðu far án endurgjalds með ökumanni, er reyndist undir áhrifum áfengis. Við endurskoðun laganna á Alþingi bar ekki brýna nauðsyn til að fjalla sérstaklega um efni þessara dóma, og verður því ekki talið ósvarað á þeim vettvangi, hversu fara eigi um rétt slíkra tjónþola. Liggur nokkuð í augum uppi, að dómstólum

hafi verið ætlað að meta stöðu þeirra í hverju tilviki í ljósi umræddra breytinga á lögnum og efnis þeirra að öðru leyti. Samkvæmt skýrum ákvæðum laganna er álitafnið vegna slyssins í máli þessu einvörðungu það, hvort gagnáfrýjandi eigi að sæta lækkun eða niðurfellingu bóta úr hendi eiganda og váttryggjanda bifreiðarinnar Z-2079 sakir þess, að hann hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi.

Þegar slysið varð, var gagnáfrýjandi á ferð í bifreiðinni ásamt tveimur starfsfélögum sínum við haustslátrun að Kirkjubæjarklaustri. Áttu þau hvíld frá vinnu þennan dag, eftir að lokið var við fermingu flutningabifreiða snemma um morguninn, og notuðu síðdegíð til að heimsækja kunningja í nágrenninu. Um atvik að slysinu liggur fyrir vettvangsskýrsla lögreglunnar í Vestur-Skaftafellssýslu, en nánari rannsókn með yfirheyrslu á vitnum fór ekki fram fyrir en löngu síðar, þegar ljóst þótti, að gagnáfrýjandi hefði orðið fyrir varanlegu heilsutjóni. Samkvæmt þessum gögnum var bifreiðin stödd á malarvegi öðrum megin blindhæðar, þar sem veginum var skipt með skilti, þegar hún tók að rása eða renna til og lenti á skiltinu, en valt síðan út af veginum til vinstri handar. Gerðist þetta að áliðnum degi fyrsta vetrardag, þegar birtu var tekið að bregða. Aðstæður sem þessar eru algeng orsök alvarlegra óhappa, en slysið í þetta sinn verður þó einnig að rekja til þess, að ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis, svo að hann taldist óhæfur til að stjórna bifreið í skilningi 3. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laganna er bótaréttur gagnáfrýjanda ekki háður því gáleysi ökumannsins, sem þannig kom til, heldur er undirstaða hans sú, að slysið hlaut af notkun bifreiðarinnar. Vegna ákvæða 2. mgr. sömu greinar er á hinn bóginn heimilt og rétt að taka til athugunar, hvort virða megi gagnáfrýjanda sjálfum það til gáleysis að hafa þegið far með bifreiðinni, eins og ökumaðurinn var á sig kominn, og þá svo mikils eða alvarlegs, að efni séu til skerðingar bóta. Á það ber að fallast með héraðsdómara, að stórfellt gáleysi hafi falist í framgöngu hans. Þess ber þó að gæta, að gagnáfrýjandi hafði ekki verið samvistum við ökumanninn allan daginn. Verður ekki fullyrt þess og annars vegna, að honum hafi mátt vera ljóst, að áfengisneysla ökumannsins hefði verið á borð við það, sem blóðsýni leiddi síðar í ljós. Þegar litið er til þessa ásamt atvikum að

slysinu og afleiðingum þess fyrir gagnáfrýjanda, verður að telja nægilegt og réttmætt, að bætur til hans verði færðar niður um helm-ing. Tel ég það ekki í ósamræmi við málsúrslit í fyrrgreindum dóm-um réttarins á sínum tíma.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og gera aðaláfrýjendum að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Ég er sammála öðrum dómendum um gjafsóknarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1994.

1.

Mál þetta, sem var höfðað með framlagningu skjala í dómi 16. mars 1993, var dómtekið 11. þ. m.

Stefnandi er Þorkell Ragnarsson, kt. 281058-7979, Grýtubakka 22, Reykjavík.

Stefndu eru Vilhjálmur Bjarnason, kt. 100863-5459, Hörgsdal I, Hörgs-dalshreppi, V.-Skaftafellssýslu, og Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér 4.429.300 kr. með vöxtum skv. 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 21. 10. 1989 til 12. 9. 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vöxtum verði bætt við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda lægri fjárhæð með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðar-reikningi (951.411 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, þar af útlagður kostn-aður 70.145 kr.), eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. febrúar 1993.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýkn-aðir, en til vara, að þeim verði einungis gert að greiða hluta dómkröfu stefnanda, en málskostnaður falli niður.

2.

Laugardaginn 21. október 1989 var stefnandi á ferð í bifreiðinni Z-2079 á leið frá Pykkvabæ í Landbroti að Kirkjubæjarklaustri. Ökumaður var Ingi-björg Guðrún Hilmarsdóttir, sem hafði bifreiðina að láni hjá stefnda Vil-hjálm, og var bifreiðin ábyrgðartryggð hjá meðstefnda. Skammt norðan heimreiðar að bænum Eystri-Dalbæ missti Ingibjörg Guðrún stjórn á bif-reiðinni. Kastaðist hún út úr henni og mun hafa látist samstundis. Bendir rannsókn til, að hún hafi verið undir áhrifum áfengis. Stefnandi slasaðist

einnig og var síðar metinn til varanlegrar örorku, og á grundvelli þess mats reiknaði tryggingafræðingur út örorkutjón hans.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og eigi enga sök á slysinu. Ósannað sé, að Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir hafi verið ölvuð við akstur bifreiðarinnar umrætt sinn. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi haft vitneskju um það, að hún hefði drukkið áfengi fyrir aksturinn. Um lagarök vísar stefnandi til 88., 90., 91. og 1. mgr. 95. gr. laga nr. 50/1987 og um miskabætur til 264. gr. laga nr. 19/1940.

Sýknukrafa er studd þeim rökum, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að Ingibjörg Guðrún hafi verið ölvuð, er hann fór í ökuferð með henni, og hafi hann því tekið á sig eigin áhættu með ferðinni. Varakrafa stefndu er reist á því, að aðeins eigi að greiða hluta hinnar umkröfðu fjárhæðar og þá m. a. draga af stefnanda vegna eigin sakar. Örorkumati er mótmælt sem röngu svo og örorkutjónsútreikningi, enda sé hann ekki byggður á raunverulegum tekjumissi stefnanda. Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma og vaxtafæti.

3.

Samkvæmt skýrslu Reynis Ragnarssonar, lögreglumanns í V-Skaftafells-sýslu, var honum tilkynnt kl. 18 laugardaginn 21. október 1989 um alvarlegt umferðarslys á Landbrotsvegi milli vegamóta Syðri-Víkur og Dalbæjar. Sjúkrabifreið var einnig kölluð út frá Kirkjubæjarklaustri. Um kl. 18.15 var lögreglumanninum tilkynnt, að um bílveltu hefði verið að ræða. Þrennt hefði verið í bifreiðinni, og væri einn látinn, en verið væri að fara með pilt og stúlku á heilsugæslustöðina á Klaustri. Þar hafði lögreglumaðurinn tal af þeim, þ. e. stefnanda og Ásthildi Halldórsdóttur, kt. 030768-4859, Brúarási 6, Reykjavík. Ásthildur kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni ásamt stefnanda, en ökumaður hefði verið Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir, kt. 220871-3339, Ásbraut 10, Kópavogi. Ekkert þeirra hefði verið í öryggisbelti. Í skýrslunni er Ásthildur sögð hafa lítið getað tjáð sig um slysið, en munað, að ökumaður hefði misst vald á bifreiðinni á leiðinni frá Þykkvabæ að Klaustri, rétt áður en hún kom á blindhæð nærri Dalbæ í Landbroti. Bifreiðin hefði runnið til og lent á skilti, sem skipti veginum í tvær akreinar á hæðinni, og síðan oltið út af veginum vinstra megin miðað við akstursstefnu. Næst hafi hún sagst muna eftir sér, þegar hún rankaði við sér í bifreiðinni, sem þá hafi verið á hliðinni, og hún þá verið ein í henni. Ásthildur er í skýrslunni sögð hafa vírst vera eitthvað drukkin. Stefnandi er sagður hafa verið mjög drukkin og með öllu neitað að ræða við lögreglu. Að læknisráði var farið með þau á Borgarspítalann til frekari skoðunar. Lögreglumaðurinn fór síðan á slysvettvang. Segir í skýrslu hans, að eftir förum

bifreiðarinnar að dæma hafi hún verið að koma sunnan að á allmikilli ferð og ökumaður misst stjórn á henni rétt sunnan við umrætt akreinaskilti, svo að bifreiðin hafi runnið skökk á það og síðan oltið minnst tvær heilar veltur og stöðvast á hægri hlið í öfugri akstursstefnu um 15 metra frá vegkanti og 20 m frá vegskiltinu. Yfirbygging bifreiðarinnar var ónýtt. Þá greinir frá því, að lögreglumaðurinn hafi haft tal af Hönnu Hilmarsdóttur, húsmóður í Syðri-Vík, sem kom fyrst á slysstað, og er eftir henni haft: „Hanna kveðst hafa verið á leið heim heimreiðina að Syðri-Vík á reiðhjóli, þegar hún heyrði skruðning og þá litið í átt að þjóðveginum og séð bifreið velta út fyrir veginn. Þar sem styttra hefði verið fyrir hana að fara heim, hefði hún tekið það ráð og látið hringja í lækni og sjúkrabifreið, en hraðað sér síðan á bifreið á slysstað. Þegar þangað kom, var Þorkell að stumra yfir Ingibjörgu, sem virtist þegar látin, en Ásthildur var ennþá inni í bifreiðinni. Um sama leyti kom Óskar Þorleifsson, bóndi í Þykkvabæ, þarna að og skömmu síðar sjúkrabifreiðin frá Klaustri, sem flutti þau öll þrjú upp að heilsugæslustöðinni á Klaustri.“

Framkvæmd var réttarefnafræðilegt mat á blóðsýni úr Ingibjörgu Guðrúnu Hilmarsdóttur. Segir um niðurstöðu þess í skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 3. 11. 1989: „Magn etanóls í blóði var 1,51%. Konan hefur því að öllum líkindum verið ölvuð, er hún lést.“

— — —

4.

Lögreglumaðurinn R. R. tók skýrslur af stefnanda og Ásthildi Halldórsdóttur í apríl 1991, en í júní s. á. að ósk lögmanns stefnanda af Einari Bjarnasyni, Eystri-Dalbæ í Landbroti, Elínu Þuríði Guðmundsdóttur, Þykkvabæ 2, Landbroti, og þáverandi sambýlismanni hennar, Óskari Þorleifssyni. Að undanskildum Einari Bjarnasyni gáfu þau síðan skýrslu við aðalmeðferð málsins.

Stefnandi og þær Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir og Ásthildur Halldórsdóttir störfuðu í sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri. Eftir vinnu föstudaginn 20. október 1989 voru stefnandi, Ásthildur Halldórsdóttir og fleiri við drykkju á vinnustaðnum fram að miðnætti, en eftir það til kl. um 4 á dvalarstað stefnanda, Kirkjubæjarklaustri. Ingibjörg Guðrún var ekki þar á meðal, og er ekki upplýst, að hún hafi neytt áfengis á þessu tímabili. Stefnandi bar raunar, að hann hefði hringt til hennar kl. um 23 og hún þá sagst vera ódrukkin og ætla að fara að sofa. Hann kvaðst hafa farið til vinnu kl. 5, en meiðst á hendi og beðið á vinnustaðnum eftir því, að Ingibjörg Guðrún lyki störfum kl. 7, og hafi þau þá farið á aðsetursstað hans. Hann

kvaðst aðeins hafa gefið henni eina áfengisblöndu (u. þ. b. tvöfaldan vodkasjúss) kl. um 7.30, og þau hafi setið og spjallað saman til kl. um 10, er þau hafi vakið Ásthildi Halldórsdóttur og annan næturgest. Hann kvað gestina hafa farið kl. um 10.30 og hann þá farið að sofa.

Um kl. 13.30 kvað hann Ingibjörgu Guðrúnu hafa komið aftur, vakið sig og beðið sig að koma „á rall“ um sveitina. Hafi hann látið til leiðast, þótt hann væri ekki vel fyrir kallaður. Hafi Ásthildur setið í bifreið þar úti fyrir, en áður en hann settist í bifreiðina, kvaðst hann hafa spurt Ingibjörgu Guðrúnu, hvort hún hefði drukkið meira en hann hefði gefið henni um morguninn. Sagði stefnandi fyrir dóminum: „Ég sest ekki undir neinum kringumstæðum upp í bíl með fólki undir áhrifum og hef aldrei gert.“ Hefði hún neitað því, ekið þeim síðan um þorpið með langri viðdvöl í Essó-skálanum og eftir það í Pykkvabæinn, heim til Elínar Þuríðar og Óskars, þar sem hann hefði setið að spjalli við Einar Bjarnason, sem var einnig gestkomandi.

Slysið hafi orðið mjög fljótlega á bakaleiðinni. Ásthildur sat í farþegasæti frammi í, en hann í aftursæti. Hann var ekkert að fylgjast með akstrinum, en fannst ekkert athugasemjulegt við hann og ekki um neinn hraðakstur að ræða (sbr. lögregluskýrslu). Ingibjörg Guðrún hafi beygt sig til að taka upp segulbandsspólu, togað um leið í stýrið og ekki náð valdi á bifreiðinni. Hann kvaðst hafa kastast út úr bifreiðinni, og er hann hefði séð Ingibjörgu Guðrúnu, þar sem hún lá skammt frá veginum, hefði hann árangurslaust gert á henni lífgunartilraunir ásamt Óskari Þorleifssyni, sem komið hefði að. Hann kvaðst ekki hafa vitað til, að Ingibjörg Guðrún hefði neytt áfengis þá um daginn umfram það, sem áður er fram komið, og hefði hann treyst því, að svo væri ekki. Hann kvaðst ekki hafa vitað neitt um ferðir þeirra Ásthildar milli kl. um 10.30 og 13.30, en þar fyrir utan hefðu þau Ingibjörg Guðrún verið saman allan tímann. Hann kvaðst ekki hafa séð á henni nein áfengisáhrif og taldi, að hún hefði ekkert drukkið. Hann tók fram, að Ingibjörg Guðrún hefði verið létt, glaðlynd og jákvæð manneskja og verið eins, hvort sem hún var undir áhrifum áfengis eða ekki.

Heilsutjóni af völdum slyssins og þar með afleiðingum þess á hæfni til starfs og tómstundaiðkana lýsti stefnandi mjög á sama veg og fyrr er fram komið. Kvartaði hann einkum um sársauka frá hálsi, máttleysi í hægri hendi, þrýsting á gagnaugu, höfuðverk og slæmt skammtímaminni.

Ásthildur Halldórsdóttir kvað þær Ingibjörgu Guðrúnu hafa farið saman nokkru fyrir hádegi umræddan dag á hótelið á Kirkjubæjarklaustri, borðað og neytt áfengis. Þaðan hefðu þær farið að bæ nokkrum og síðan til stefnanda, en Ingibjörg Guðrún hefði ekið allan tímann. Sjálf hefði hún verið

ölvuð allan daginn. Þau þrjú hefðu farið í Þykkvabæinn, heim til Óskars og Elínar Þuríðar, og öll drukkið áfengi, sem þau hefðu fengið þar, en mundi ekki, hvort þau höfðu áfengi meðferðis. Aðspurð fyrir dómi sagði hún, að það hefði ekki átt að fara fram hjá stefnanda, að Ingibjörg Guðrún var undir áhrifum áfengis.

Óskar Þorleifsson kvað Ingibjörgu Guðrúnu og farþega hennar hafa dvalist heima í Þykkvabæ í um 15 mínútur, og hefði hún fengið að þvo sér um hárið. Hann kvaðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á henni eða tekið eftir, að hún neytti áfengis.

Elín Þuríður Guðmundsdóttir skýrði svo frá, að þau Ingibjörg Guðrún, Ásthildur og stefnandi hefðu dvalist í um 1/2–1 klukkustund heima hjá þeim Óskari umrætt sinn. Hún kvað Ingibjörgu Guðrúnu hafa fengið að þvo sér um hárið. Hún kvað Óskar hafa gefið gestunum í glas, en sjálf hefði hún ekkert fengið sér. Hún kvaðst ekki hafa getað séð á Ingibjörgu Guðrúnu, að hún hefði verið að drekka, og minnti, að hún hefði ekki drukkið þar á staðnum. Nánar spurð fyrir dómi sagði hún þó, að verið gæti, að hún hefði séð hana drekka sopa. Ingibjörg Guðrún var frænka vitnisins.

Einar Bjarnason kvaðst hafa verið í Þykkvabæ 2, þegar Ingibjörg Guðrún hefði komið þangað akandi og með henni þau stefnandi og Ásthildur. Kvaðst hann ekki geta svarað því, hvort þau hefðu neytt áfengis þar.

5.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Vilhjálmi Bjarnasyni sem eiganda bif. Z-2079 styðst við 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um hlutlæga ábyrgð skráðs eða skráningarskylds eiganda vélknúins ökutækis á tjóni, sem hlýst af notkun þess. Krafa á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar hlýtur stoð af 1. mgr. 95. gr., sbr. 91. gr., umferðarlaga.

Meginúrlausnarefni málsins er, hvort lækka beri eða fella niður bætur til stefnanda vegna eigin sakar eða áhættutöku hans, þar sem hann hafi verið „meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi“, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, vætti Ásthildar Halldórsdóttur og því, sem fram er komið um atvik að slysinu, þykir sannað, að það hafi orðið fyrir óvarlegan akstur Ingibjargar Guðrúnar Hilmarsdóttur, einkum vegna ölvunar hennar, enda hafi hún verið óhæf til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987. Gegn eindreginni neitun stefnanda og að nokkru með vísun til framburðar vitnanna Óskars Þorleifssonar og Elínar Þuríðar Guðmundsdóttur verður þó ekki staðhæft, að ástand hennar hafi verið honum ljóst. Vegna þess, hve lengi stefnandi var samvistum við Ingibjörgu

Guðrúnu umræddan dag, verður á hinn bóginn talið, að ölvun hennar hefði ekki átt að leynast honum. Verður þetta metið honum til stórfellds gáleysis, sem skýrist af ölvun hans sjálfs. Er eftir atvikum litið svo á, að stefnandi skuli bera helming óbættis tjóns síns sjálfur, en að stefndu beri óskipt fé-bótaábyrgð á tjóni hans að hálfu.

— — —

7.

Samkvæmt framangreindu nemur tjón stefnanda samtals 3.481.100 krónum. Verða stefndu dæmdir til að greiða honum óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 1.740.550 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir. Upphafsdagur dráttarvaxta ákveðst þingfestingardagur málsins, en af gögnum þess sést ekki, að stefnandi hafi fyrr eða þá hvenær lagt fyrir stefndu þær upplýsingar, sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 15. gr. vaxtalaga.

Dæma ber stefndu til að greiða óskipt stefnanda 350.145 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 280.000 krónur. Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vilhjálmur Bjarnason og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt stefnanda, Þorkeli Ragnarssyni, 1.740.550 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: [...].

Stefndu greiði stefnanda óskipt 350.145 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun talsmanns hans, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 280.000 krónur.
